

- þakka fyrir daginn líðinn.  
Skepnur lofa skaparann;  
skyldum vér ei göfga hann?
5. Lífið öllum guð oss gaf,  
greind og þekking, frjálsan vilja,  
gaf oss sínum anda af  
anda til að hugsa' og skilja;  
gaf oss einnig öllum mál,  
ólaundlega gaf oss sál.
6. Dásamlegt er drottins verk,  
dýrð og máttur, gæska' og speki;  
hans er órlát hönd og sterk,  
hjá oss lofgjörð þetta vekki.  
Annast drottinn öll sín börn,  
athvarf þeirra' er, hjálp og vörn.
7. Lofar guð hvert lítið blóm  
lit og skróði sínu meður;  
syngur lof með sínum róm  
sérhver skepna', er drottinn gleður.  
Lofi hann vort hjarta' og mál,  
hugur, verk og líf og sál.

---

### Notið tímann vel.

#### IV.

Ekki er eg enn þá búinn að tala út við ykkur um tímann ykkar, börnin mín góð. En þið megið ekki láta ykkur leiðast. Ef ykkur er farið að leiðast, þá verðið þið að segja mér til. Eg hvetti þá — um stund að minsta kosti, og fer þá að tala við ykkur um eitthvað annað. Því þegar ykkur fer að leiðast að hlusta á eitthvað, þá er ekki til neins að tala við ykkur um það. Þið heyrið þá ekki það, sem sagt er. En nú langar mig einmitt til þess, að þið heyrið og takið eftir því, sem eg segi við ykkur. Ætlið þið þá að taka eftir? Eg treysti því.

---

Eg byrja á að óska ykkur *gleðilegs sumars*. Það er gamall og góður íslenskur siður að heilsa hver öðrum með ósk um *gleðilegt sumar*, þegar menn hittast fyrst í sumar-byrjun. Okkur Íslendingum hefur æfinlega þótt sérstaklega vænt um sumarið, ef til vænna en nokkurri annarri þjóð. Þess vegna höfum við fagnað sumrinu með sérstökum hátíðardegi, *sumardeginum fyrsta*. Eg held engin þjóð geri það nema við. Og við